



Kópavogsbær

Kynning á framgangi aðgerðaráætlunar menntasviðs fyrir árið 2024.

Menntaráð

21. janúar 2025

Anna Birna Snæbjörnsdóttir sviðsstjóri menntasviðs



M.1 Námsumhverfi sem tekur mið af getu hvers og eins, stuðlar að framförum, vellíðan og skilningi á samfélagi og umhverfi

M.1.2 Lærdómssamfélag fyrir alla

M.1.1.1 Ný læsisáætlun til 5 ára, ásamt framkvæmdaáætlun, samþykkt og til búin til framkvæmda við árslok 2024.

Staðan: Ný læsisáætlun er tilbúin og fer í kynningarferli í janúar 2025 og fyrstu skref innleiðingar hefjast.

M.1.2.1 Innleiðing Góðs grunns í tveimur nýjum skólum og skýrsla stöðu innleiðingar liggja fyrir í lok árs 2024.

Staðan: Innleiðing á verklagi Góðs grunns hélt áfram í Hörðuvallaskóla og Kóraskóli hóf einnig innleiðingu á verklaginu. Aðgerðin heldur áfram á árinu 2025.



M.1 Námsumhverfi sem tekur mið af getu hvers og eins, stuðlar að framförum, vellíðan og skilningi á samfélagi og umhverfi

M.1.2 Lærdómssamfélag fyrir alla

M.1.2.2 Að minnsta kosta 80% starfsfólks leikskóla sem sátu fræðslu um börn með ADHD einkenni og eða/krefjandi hegðun upplifa að hún nýtist í starfi.

Staðan: ADHD fræðsla var sett inn í nýliðafræðslu þar sem búið var að fara í alla skóla með fræðsluna. Ánægja er með fræðsluna og yfir 80% þátttakenda meta að hún nýtist þeim í starfi.

M.1.2.3 Að 80% starfsfólks sé ánægt með fyrirkomulag stuðnings við starfsfólk leik- og grunnskóla við innleiðingu stefnu um menntun fyrir öll börn (lausnarteymi).

Staðan: Verkefnið tók breytingum þar sem hver og einn skóli útfærir sitt vinnulag við lausnarteymi og getur óskað eftir aðkomu menntasviðs eftir þörfum. Ekki var send út könnun þar sem verkefnið tók breytingum.



M.1 Námsumhverfi sem tekur mið af getu hvers og eins, stuðlar að framförum, vellíðan og skilningi á samfélagi og umhverfi

M.1.2 Lærdómssamfélag fyrir alla

M.1.2.4 Að minnsta kosti 70% foreldra og að a.m.k. 70% starfsmanna leikskóla sem sátu uppeldisfræðslu upplifa að aðferðir sem farið var yfir séu gagnlegar.

Staðan: Fræðsla hefur verið haldin bæði fyrir foreldra og starfsfólk og rafræn könnun send út sem sýndi að yfir 70% foreldra og starfsfólks meta fræðsluna mjög gagnlega. Fræðslan er í dag hluti af nýliðanámskeiði starfsfólks.



M.1 Námsumhverfi sem tekur mið af getu hvers og eins, stuðlar að framförum, vellíðan og skilningi á samfélagi og umhverfi

M.1.3 Virk þátttaka barna í ákvarðanatöku

M.1.3.1. Byggja upp lýðræðislegt umhverfi og rækta með markvissum hætti hæfni barna til að verða virkir þátttakendur í nútíma samfélagi með fjölgun leikskóla sem eru vottaðir réttindaskólar UNICEF.

Staðan: 13 leikskólar eru orðnir eða hafa hafið innleiðingu á verkefninu réttindaskóli í árslok 2024. Verkefnið er unnið í góðu samstarfi við UNICEF og leikskólana. Aðgerðin heldur áfram á árinu 2025.



M.1 Námsumhverfi sem tekur mið af getu hvers og eins, stuðlar að framförum, vellíðan og skilningi á samfélagi og umhverfi

M.1.3 Virk þátttaka barna í ákvarðanatöku

M.1.3.2 Byggja upp lýðræðislegt umhverfi og rækta með markvissum hætti hæfni barna til að verða virkir þátttakendur í samfélagi með fjölgun um þrjá réttindagrunnskóla sem hefja innleiðingarferli.

Staðan: Fimm grunnskólar, frístundir, félagsmiðstöðvar eru réttindaskólar/frístund/félagsmiðstöð og þrír eru í innleiðingarferli. Síðustu tveir skólarnir, frístundir, félagsmiðstöðvar munu hefja innleiðingu í haust. Gott samstarf er við UNICEF. Aðgerðin heldur áfram á árinu 2025.



M.1 Námsumhverfi sem tekur mið af getu hvers og eins, stuðlar að framförum, vellíðan og skilningi á samfélagi og umhverfi

M.1.4 Virðing fyrir fjölbreytileika og ólíkum menningarheimum

M.1.4.1 Tryggja áframhaldandi innleiðingu á stöðumati og eftirfylgni fyrir nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarlegan bakgrunn.

Staðan: Ekki náðist að leggja fyrir stöðumatið í öllum grunnskólunum. Þeir grunnskólar sem hafa innleitt stöðumatið telja það nýtast þeim til að koma betur til móts við þarfir hvers nemanda.



M.1 Námsumhverfi sem tekur mið af getu hvers og eins, stuðlar að framförum, vellíðan og skilningi á samfélagi og umhverfi

M.1.4 Virðing fyrir fjölbreytileika og ólíkum menningarheimum

M.1.4.2 Tillaga að málstefnu verði tilbúin fyrir árslok 2024.

Staðan: Starfsfólk menntasviðs vann drög að málstefnu. Í framhaldi var stofnaður starfshópur með fulltrúum menntasviðs og utanaðkomandi ráðgjafa til að klára málstefnu menntasviðs. Tillaga að málstefnu verður kynnt, og innleiðing hefst árið 2025.

M.1.4.3 Styðja við fjölbreytt leikskólastarf sem styður við framfarir barna í íslensku með því að halda áfram að innleiða hæfniramma MMS í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla og í lok árs 2024 hafi 100% leikskóla hafið innleiðingu.

Staðan: Leikskólar hafa fengið kynningu á hæfnirömmum og unnið verður áfram með verkefnið í samstarfi við Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (MMS). Aðgerðin heldur áfram á árinu 2025.



M.1 Námsumhverfi sem tekur mið af getu hvers og eins, stuðlar að framförum, vellíðan og skilningi á samfélagi og umhverfi

M.1.4 Virðing fyrir fjölbreytileika og ólíkum menningarheimum

M.1.4.4 Bæta líðan og námsvirkni nemenda og þannig draga úr jaðarsetningu þeirra með því að breyta skólastarfi á þann hátt að allir nemendur fái notið sín og séu fullgildir þátttakendur.

Staðan: Þekking á fjölbreyttum kennsluháttum í anda inngildingar hefur eflst hjá starfsfólki, handbók og veggspjöld unnin samhliða. Innleiðing á verkefninu í aðra skóla heldur áfram árið 2025.



M.2 Snemmtækur stuðningur, forvarnir og fræðsla fyrir börn og foreldra

M.2.1 Samþætt þjónustustig í þágu farsældar barna

M.2.1.1 Tryggja að fræðsla um samþætta þjónustu hafi farið fram hjá dagforeldrum, leikskólum, grunnskólum, frístund, félagsmiðstöðvum og skólahljómsveit (Þriðja árið af fimm í innleiðingu farsældarlaganna).

Staðan: Allir aðilar hafa fengið fræðslu um samþætta þjónustu. Skýrsla um fræðslustarf var hluti af skýrslu verkefnastjóra um verkefni innleiðingar farsældarlaga. Aðgerðin heldur áfram á árinu 2025.

M.2.1.2 Tryggja að tengiliðir vinni frummat í 1. stigs málum til að uppfylla skyldur þeirra samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. (Þriðja árið af fimm í innleiðingu farsældarlaganna).

Staðan: Í flestum 1. stigs málum um samþætta þjónustu voru unnin frummöt. Haldnar voru vinnustofur, námskeið og fundir á Teams til að styðja við og fræða tengiliði farsældar.



M.2 Snemmtækur stuðningur, forvarnir og fræðsla fyrir börn og foreldra

M.2.2 Heilbrigði og vellíðan barna í forgrunni

M. 2.2.1 Viðmið um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni tilbúin í ágúst 2024. Annar áfangi við gerð viðmið um forvarnaráætlanir í skóla- og frístundastarfi tilbúna til kynningar í lok 2024.

Staðan: Verkefnið var öðrum sveitarfélögum til fyrirmyndar þar sem viðmið um forvarnaráætlanir í skóla- og frístundastarfi hafði ekki áður verið unnið. Aðgerðin heldur áfram á árinu 2025.

M.2.2.2 Tryggja að eineltisáætlanir í skóla- og frístundastarfi standist samþykkt viðmið Kópavogsbæjar með endurskoðun fyrir árslok 2024.

Staðan: Verkefnið tók breytingum og var felld undir viðmið um forvarnaráætlanir.



M.2 Snemmtækur stuðningur, forvarnir og fræðsla fyrir börn og foreldra

M.2.2 Heilbrigði og vellíðan barna í forgrunni

M.2.2.3 Tryggja að forritið Beanfee sé notað innan skólaþjónustu grunnskóla (atferlisfræðingar og sálfræðingar) til að draga úr hegðunarvanda og til að efla nemendur með fjölbreyttum hætti.

Staðan: Sérfræðingar skólaþjónustu fengu þjálfun og verkefnið kynnt fyrir starfsfólki grunnskóla á endurmenntunardögum. Innleiðing á hugbúnaðinum hefur gengið vel. Aðgerðin heldur áfram á árinu 2025.



M.2 Snemmtækur stuðningur, forvarnir og fræðsla fyrir börn og foreldra

M.2.2 Heilbrigði og vellíðan barna í forgrunni

M. 2.2.4 Móta verklag milli elstu deilda leikskóla og yngsta stigs grunnskóla í gegnum vináttuverkefnið Blær í tveimur skólahverfum Kópavogs.

Staðan: Vináttuverkefnið Blær verður notað til að samþætta vinnubrögð milli skólastiga og efla forvarnir gegn einelti.



M.2 Snemmtækur stuðningur, forvarnir og fræðsla fyrir börn og foreldra

M.2.2 Heilbrigði og vellíðan barna í forgrunni

M. 2.2.5 Bæta stöðugleika og starfsumhverfi í leikskólum fyrir börn og starfsfólk.

Staðan: Bakvarðarsveit var stofnuð og starfsfólki af erlendum uppruna í leikskólum Kópavogs stendur til boða að fara í Íslenskuporpið og Retor á vinnutíma og hefur það gefið góða raun. Aðgerðin heldur áfram á árinu 2025.



M.3 Samráð, samvinna, starfspróun og starfsaðstaða

M.3.3 Framsækið starfsumhverfi

M.3.3.1 Varpa ljósi á stöðu starfshátta í leikskólum með framkvæmd ytra mats fyrir lok sumars 2024.

Staðan: Kannanir lagðar fyrir og reglulegar heimsóknir í leikskóla. Búið að stofna matsteymi til að meta næstu skref ytra mats í leikskólum. Aðgerðin heldur áfram á árinu 2025.

M.3.3.2 Að 80 % stjórnenda sem eru í verkefninu „Velferð á vinnustað“ telja að verkfæri, fræðsla og stuðningur sem þeir hafa fengið í gegnum innleiðingu verkefnisins hafi gagnast þeim við að takast á við veikindafjarveru starfsmanna.

Staðan: Innleiðing verkefnis lauk hjá öllum undirstofnunum menntasviðs og öðrum sviðum Kópavogsbæjar. Verkefnið færðist undir mannauðsdeild og fengu stjórnendur góðan stuðning og aðhald þaðan. Námskeið í umhyggjusamtalstækni voru haldin fyrir stjórnendur. Könnun var send út á meðal stjórnenda hjá Kópavogsbæ í janúar 2025.



M.3 Samráð, samvinna, starfsþróun og starfsaðstaða

M.3.3 Framsækið starfsumhverfi

M.3.3.3 Að 80% stjórnenda í leikskólum upplifa að dregið hafi úr álagi á stjórnendur og starfsfólk leikskóla með ráðningu húsumsjónarmanna.

Staðan: Gekk ekki eftir að ráða húsumsjónarmann.



M.4 Menntun með áherslu á gleði, leik og sköpun

M.4.1 Nútímatæknibúnaður í öllu námi

M.4.1.1 Heildstæð áætlun um snjallvæðingu í námi barna og ungmenna í Kópavogi, ásamt tímasettri aðgerðar- og kostnaðaráætlun, liggi fyrir í lok árs 2024.

Staðan: Drög um áætlun um upplýsingatækni í skóla- og frístundastarfi er í lokayfirlestri. Aðgerð heldur áfram á árinu 2025.

M.4.1.2 Á árinu 2024 verða persónumiðuð samþættingarverkefni aðgengileg á námsgagnatorgi Kópavogsbæjar í Askinum.

Staðan: Horfið var frá innleiðingu á Askinum.



M.4 Menntun með áherslu á gleði, leik og sköpun

M.4.1 Nútímatæknibúnaður í öllu námi

M.4.1.3 Tryggja að allir kennarar á yngsta stigi í grunnskólum bæjarins fái áframhaldandi fræðslu og ráðgjöf við innleiðingu spjaldtölva í skólastarfi.

Staðan: Kennarar á yngsta stigi hafa öðlast góða færni í að nýta spjaldtölvur í kennslu og námi með nemendum sínum til aukinnar sköpunar og leiðbeina þeim að umgangast netið af öryggi.

M.4.1.4 Gefin hefur verið út á námskrárvef í stafrænni borgaravitund heildstæð viðmiðunarnámskrá í stafrænni borgaravitund fyrir grunnskóla og frístundastarf.

Staðan: Verkefnið hefur vakið athygli sem fyrirmyndarverkefni á landsvísu. Samhliða því er starfrænt borgaravitund komin inn í aðalnámskrá grunnskóla og menntasvið tilbúin með það efni sem þarf til að fylgja því. Aðgerðin heldur áfram á árinu 2025.



M.4 Menntun með áherslu á gleði, leik og sköpun

M.4.1 Nútímatæknibúnaður í öllu námi

M.4.1.5 Til staðar verði styðjandi og grípandi heildaryfirlit og styðjandi efni fyrir fræðslu í kvikmyndalæsi fyrir leik- og grunnskóla og félagsmiðstöðvar.

Staðan: Fræðsluefni í kvikmyndalæsi er tilbúið og búið er að halda námskeið fyrir starfsfólk.

M.4.1.6 Eingöngu verði notast við áhættugreindan hugbúnað í grunnskólum Kópavogsbæjar og skólar fái leiðbeiningar og fræðslu til að uppfylla öryggiskröfur í persónuverndarlögum.

Staðan: Allur hugbúnaður er áhættugreindur og örleiðbeiningar fyrir skóla tilbúnar.



M.4 Menntun með áherslu á gleði, leik og sköpun

M.4.1 Nútímatæknibúnaður í öllu námi

M.4.1.7 Að bjóða upp á miðlæga valgrein í fjarkennslu með blönduðum námsaðferðum í fingrasetningu sem allir grunnskólar geta nýtt fyrir sína nemendur.

Staðan: Miðlæg fingrasetningakennsla var ekki nýtt af skólunum en allir grunnskólar bjóða upp á fingrasetningakennsla.



M.5 Frístundir og íþróttir fyrir alla

M.5.1 Þátttaka barna í frístunda- og íþróttastarfi

M.5.1.1 Að þjónustukannanir sem lagðar eru fyrir í félagsmiðstöðvum barna og unglunga sýni að 80% þátttakenda séu ánægðir með starfið og upplifi betri líðan.

Staðan: Lagðar voru fyrir þjónustukannanir í öllum félagsmiðstöðvum Kópavogs og sýndu niðurstöður að yfir 80% þátttakenda voru ánægð með starfið. Auk þess lagðar voru fyrir þjónustukannanir til foreldra.

M.5.1.2 Setja fram tillögur um leiðir til að þjónusta notendur íþróttamannvirkja betur í bænum með tilliti til aðgengis að íþróttamannvirkjum og nýtingu þeirra fyrir lok árs.

Staðan: Aðgerðin frestast um eitt ár vegna manneklu.



M.5 Frístundir og íþróttir fyrir alla

M.5.1 Þátttaka barna í frístunda- og íþróttastarfi

M.5.1.3 Auka þátttöku barna með fötlun í íþróttastarfi, þannig að 10% barna með fötlun í Kópavogsbæ stundi íþrótt/ir. (Allir með)

Staðan: Samstarf er komið á með íþróttafélögum um framboð á íþróttum fyrir börn með fötlun. Fyrstu æfingar hefjast á nýju ári bæði hjá HK (handbolli) og Breiðablik (fótbolti). Nú þegar er Gerpla og dansfélagið Hvönn með æfingar fyrir þennan hóp. Aðgerðin heldur áfram á árinu 2025.



M.5 Frístundir og íþróttir fyrir alla

M.5.2 Lífsgæði íbúa á öllum aldurstigum

M.5.2.1 Að líðan þátttakenda í Virkni og Vellíðan innan félagsmiðstöðva eldri borgara og leikfimi heima (áður DigiRehab) verði betri, eða eykst um 10% frá síðustu mælingum/könnunum. Verkefnið hefur verið í aðgerðaráætlun frá 2023.

Staðan: Verkefnið skilaði frábærum árangri í bættri líðan og heilsu eldra fólks í Kópavogi. Ekki tókst að yfirfara verkefnið á Leikfimi heima (DigiRehab) en undirbúningur unnin á árinu 2024. Aðgerðin heldur áfram á árinu 2025.



M.5 Frístundir og íþróttir fyrir alla

M.5.3 Aðgengi og aðstaða til hreyfingar

M.5.3.1 Lagðar verði fram tillögur um þróun miðstöðvar útináms og umhverfisfræðslu skóla- og frístundastarfs í Guðmundarlundi. Tillögur að útfærslu liggi fyrir við lok árs 2024.

Staðan: Verkefnið tók breytingum og lögð var áhersla á verkefnið *Komdu út að leika og skapa* í tengslum við Guðmundarlund.



M.5 Frístundir og íþróttir fyrir alla

M.5.4 Stuðningur við ungt fólk 16-25 ára

M.5.4.1 Að þjónustukönnun sem lögð er fyrir ungmenni í Molanum miðstöð unga fólksins sýni að 80% þátttakenda upplifi betri líðan.

Staðan: Þjónustukönnun var lögð fyrir þar sem niðurstöður sýndu að 80% þátttakenda upplifa betri líðan. Aðgerðin heldur á áfram á árinu 2025.



M.5 Frístundir og íþróttir fyrir alla

M.5.5 Frístunda- og íþróttastarf barna með fjölbreyttar þarfir og ólíkan bakgrunn

M.5.5.1 Virkni skilgreindra markhópa í frístunda- og íþróttastarfi aukist árlega til lok árs 2024. (Vertu með/Velkomin)

Staðan: Aukning var á nýtingu frístundastyrks í ákveðnu skólahverfi þar sem nýting hafði verið lag á meðal barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarlegan bakgrunn eftir að verkefnið Vertu með/Velkomin var innleitt.



Fjöldi framhaldsaðgerða á milli áranna 2024 og 2025

- M.1** 14 aðgerðir 2024. Af þeim flytjast 4 aðgerðir yfir á árið 2025.
- M.2** 8 aðgerðir 2024. Af þeim flytjast 5 aðgerðir yfir á árið 2025.
- M.3** 3 aðgerðir 2024. Af þeim flyst 1 aðgerð yfir á á árið 2025.
- M.4** 7 aðgerðir 2024. Af þeim flytjast 2 aðgerðir yfir á árið 2025.
- M.5** 7 aðgerðir 2024. Af þeim flytjast 3 aðgerðir yfir á árið 2025.

Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08.2026

